



Mánaðamót

1. júlí 2025

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – júlí 2025

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. júlí Verðbólga á evrusvæðinu	2	3 Atvinnuleysi í Bandaríkjunum	4
7	8	9	10 Brottfarir frá Keflavíkurfl. í júní (FMST)	11 Skráð atvinnuleysi í júní (VMST)
14	15 Vísitala íbúðaverðs í júní (HMS) Verðbólga í Bandaríkjunum	16 Greiðslumiðlun í júní (SÍ) Vísitala leiguverðs í júní (HMS) Verðbólga í Bretlandi	17 Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Icelandair, Landsbankinn, Sjóvá og Skagi birta uppgjör	18
21	22	23 Vísitala launa í júní (HAG)	24 Vísitala neysluverðs í júlí (HAG) Vaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Evrópu	25
28	29 Festi birtir uppgjör	30 Gistinætur í júní (HAG) Arion banki birtir uppgjör Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	31 Íslandsbanki birtir uppgjör	




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,84% á milli mánaða í júní. Ársverðbólga jókst úr 3,8% í 4,2%. Þetta var meiri hækkun en við bjuggumst við, en við spáðum því að verðbólga myndi einungis hækka í 3,9%. Verðbólga er aftur komin yfir efri vikmörk verðbólguþröngunar SÍ. Verðbólga án húsnæðis jókst og hið sama má segja um árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna sem bendir til þess að undirliggjandi verðbólguþrýstingur hafi aukist.


Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting á milli ára



Breyting VNV á milli mánaða


Að þessu sinni skýrir enginn einn liður mestan mun á spá okkar og mælingu Hagstofunnar. Matarkarfan hækkaði meira í verði en við bjuggumst við og hið sama má segja um föt og skó, tómstundir og menningu, og hótél- og veitingastaðapjónustu.

Framlag undirliða í júní



Júnímælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




Samsetning ársverðbólgu


Samsetning ársverðbólgu breyttist nokkuð á milli mánaða og er aftur mjög svipuð og í apríl, þegar verðbólga mældist einnig 4,2%. Framlag innfluttra vara jókst um 0,2 prósentustig, eftir að hafa minnkað í maí. Þar af munar mest um aukið framlag af fötum og skóm, en frá janúarútsölum og þar til nú hefur framlag fatnaðar verið til lækkunar á ársverðbólgu. Framlag snyrtivara, nýrra bíla, tómstundavara og heimilistækja jókst einnig. Þá jókst framlag þjónustu og er nú aftur orðið það sama og í apríl. Flugfargjöld til útlanda skýra um helming af auknu framlagi þjónustu.

Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



Breyting á samsetningu ársverðbólgu




1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.
Heimild: Hagstofa Íslands

Horfur næstu mánuði

Við teljum horfur á að ársverðbólga verði 4,0% í júlí, 4,2% í ágúst og 4,4% í september. Að okkar mati ber verðbólguþróun júnímánaðar þess merki að verðbólguþróunin í hagkerfinu sé meiri en útlit var fyrir í vor. Ekki bætir úr skák að í júní skýrðist aukning verðbólgu ekki af einum sérstökum undirlið heldur voru hækkunarir á breiðum grunni. Í ágúst og september má gera ráð fyrir aukinni verðbólgu þegar einskiptislækkunaráhrif detta út úr ársverðbólgunni. Skólagjöld voru felld niður í nokkrum háskólum í ágúst í fyrra og skólamáltíðir í grunnskólum voru gerðar gjaldfrjálssar í september. Þessi stöku lækkunaráhrif ýttu verðbólgu tímabundið niður síðasta haust, en hverfa nú úr árstaktinum og leiða því til hækkunar á mældri ársverðbólgu.


Verðbólguþróun

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



Verðbólguþróun

Ársverðbólga




Stýrivextir

Peningastefnunefnd lækkaði vexti Seðlabankans um 0,25 prósentustig þann 21. maí. Meginvextir bankans, vextir á 7 daga bundnum innlánnum, eru 7,5% eftir ákvörðunina. Samkvæmt yfirlýsingu sem gefin var út samhliða ákvörðuninni taldi nefndin þær aðstæður ekki hafa skapast að hægt væri að slaka á núverandi raunvaxtaaðhaldi. Þá segir að frekari skref til lækkunar vaxta séu háð því að verðbólga færist nær 2,5% markmiði bankans. Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt miðvikudaginn 20. ágúst og í ljósi þess að verðbólga jókst umfram spár í júní má telja harla ólíklegt að vextir verði lækkaðir.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


Dags.	Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurstaða	Meginvextir
8. feb. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, GJ, GZ, HS		HS (+0,75%)	+0,50%	6,50%
22. mar. 2023	+1,00%	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS			+1,00%	7,50%
24. maí 2023	+1,25%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+1,00%)		+1,25%	8,75%
23. ágú. 2023	+0,50%	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (+0,25%)		+0,50%	9,25%
4. okt. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP	HS(+0,25%)	ÁÓP (+0,25%)	óbr.	9,25%
22. nóv. 2023	óbr.	ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS			óbr.	9,25%
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		óbr.	9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		óbr.	9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			óbr.	9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	-0,25%	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,50%	8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			-0,25%	7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	-0,25%	7,50%
20. ágú. 2025						
8. okt. 2025						
19. nóv. 2025						

Meginvextir Seðlabanka Íslands



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkaði til tveggja ára, fimm ára og tíu ára í júní. Álagið hækkaði meira til skemmri tíma en lengri og lækkaði því álagið til fimm ára eftir fimm ár. Mesta hækkunin innan mánaðarins var í kjölfar þess að verðbólgutölurnar sem voru birtar föstudaginn 27. júní voru hærri en búist var við.




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist á bilinu 3,5% til 4,0% síðan það fór undir 4,0% í september í fyrra. Seðlabankinn hefur slakað á raunvaxtastigi síðustu mánuði, hvort sem horft er til liðinnar verðbólgu eða verðbólguvæntinga. Miðað við liðna verðbólgu voru raunstýrivextir 0,8 prósentustigum lægri (3,3%) í júní en þegar þeir voru hæstir í mars sl. (4,1%). Miðað við meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru raunstýrivextir 1,5 prósentustigi lægri í júní (4,0%) en þegar þeir voru hæstir í október í fyrra (5,5%).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára og væntingakönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs lækkaði um 0,45% á milli mánaða í maí, eftir að hafa hækkað samfelld frá því í byrjun árs. Lækkunin var drifin áfram af sérbylí á höfuðborgarsvæðinu sem lækkaði um 2,1%. Íbúðaverð hefur hækkað um 5,7% á síðustu tólf mánuðum en í apríl var tólf mánaða hækkunin 7,6%. Árshækkunin hefur ekki verið jafn lítil frá því í byrjun síðasta árs.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Velta skv. VSK-skýrslum

Velta samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum jókst um 1,5% að raunvirði milli ára í mars og apríl og um 3,2% á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Veltugögnin bera þess merki að hagkerfið standi vaxtastigið vel af sér sem er í takt við aukinn hagvöxt í byrjun árs. Það sem af er ári hefur velta aukist mest í sölu og viðhaldi á bílum en einnig má greina aukin umsvif í helstu útflutningsgreinunum: álframleiðslu, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi hjá Vinnumálastofnun var 3,7% í apríl og minnkaði úr 3,9% frá því í mars. Atvinnuleysi minnkar almennt á milli mánaða með vorinu. Atvinnuleysi var 0,3 prósentustigum meira en í sama mánuði árið áður. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 3,1% apríl.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 6,8% á milli ára í maí að raunvirði, þar af jókst hún um 3,3% innanlands og 21% erlendis. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis passar við stórfellda fjölgun utanlandsferða á þessu ári. Það sem af er ári hafa utanlandsferðir Íslendinga verið um 29% fleiri en á sama tíma í fyrra. Þróun kortaveltu bendir til þess að meðalheimilið hafi að miklu leyti staðið af sér hátt vaxtastig án þess að hafa þurft að halda verulega aftur af neyslu. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimila aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel. Því er líklega áfram innistæða til neyslu næstu misserin




Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu einungis 1,3 mö.kr. í maí. Hrein ný verðtryggð lán námu 8,7 mö.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 7,64 ma.kr. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í maí verða birt föstudaginn 4. júlí.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Halli á viðskiptum Íslands við útlönd nam 59,5 mö.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Afgangur af þjónustujöfnuði nam 19,7 mö.kr. og 18,3 ma.kr. afgangur var af frumpáttatekjum. Á móti var 85,3 ma.kr. halli á vöruviðskiptum og 12,3 ma.kr. halli á rekstrarframlögum. Viðskiptahalli Íslands hefur aldrei verið jafnmikill og á síðustu tveimur fjórðungum. Hann skýrist að verulegu leyti af stórfelldum innflutningi á tölvubúnaði vegna uppbyggingar á gagnaverum.




Staðan í ferðaþjónustu

Rúmlega 159 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í maí, 1,3% fleiri en í maí í fyrra. Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra ferðamanna verið 3,9% færri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis jókst um 3,2% á milli ára á föstu verðlagi og um 11,4% á föstu gengi.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti bæði evru og Bandaríkjadal í júní. Í lok mánaðarins stóð evran í 142,2 í stað 144,2 í lok maí (-2,0 króna) og Bandaríkjadalur stóð í 121,3 í stað 127,7 í lok maí (-5,8 króna). Krónan hefur ekki verið sterkari gagnvart evrunni síðan í ágúst 2024 og gagnvart Bandaríkjadal síðan í júní 2021.




Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Um miðjan mánuðinn tilkynnti SÍ um aukin reglubundin gjaldeyriskaup, 6 milljónir evra á viku í stað 3 milljónir evra. Seðlabankinn keypti evrur fyrir 20,3 ma.kr. á tímabilinu 1.-26. júní, þar af 5,2 ma.kr. í reglubundnum kaupum. Lífeyrissjóðirnir bættu aðeins í gjaldeyriskaup sín í maí, en þeir keyptu gjaldeyri fyrir 7,8 ma.kr. í maí samanborið við 2,3 ma.kr. að meðaltali fyrstu 4 mánuði ársins. Uppsöfnuð kaup þeirra fyrstu 5 mánuði ársins eru 18,7 ma.kr. sem er mun minna en á sama tímabili síðustu ár.

Inngrip Seðlabanka Íslands



Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



Útgáfur Greiningardeildar í júní

2. júní: Hagsjá: Stóraukin útgjöld til hernaðar- og varnarmála um allan heim

6. júní: Hagsjá: Áfram verulegur halli á viðskiptum við útlönd

11. júní: Hagsjá: Merki um að bílakaup hafi aukist á ný

12. júní: Hagsjá: Spáum 3,9% verðbólgu í júní

23. júní: Hagsjá: Færri ferðamenn en meiri ferðapjónusta?

25. júní: Hagsjá: Áfram merki um viðnámsþrótt í hagkerfinu

27. júní: Hagsjá: Viðskipti með sumarhús færast aftur í aukana

27. júní: Hagsjá: Verðbólga umfram væntingar

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

